

Fjárlaganefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

**Efni: Athugasemd ReykjavíkurAkademíunnar við frumvarp til fjárlaga 2023**

ReykjavíkurAkademíán er samvinnuvettvangur sjálfstætt starfandi fræðafólks sem vinnur að fjölbreyttum og fjölfaglegum verkefnum tengdum rannsóknum og fjölbreyttri menningarstarfsemi. Þar starfa m.a. rannsakendur, rithöfundar, ljóðskáld, þýðendur, prófarkalesarar og tónskáld. RA er skilgreind sem nýsköpunarmiðstöð hug- og félagsvínsinda í styrktarsamningi við háskólaráðuneytið. Í Félagi ReykjavíkurAkademíunnar eru hátt á annað hundrað félagar.

**17-297 Ýmis fræðastörf /Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna**

Stjórn RA vill koma á framfæri ábendingu um alvarlega stöðu Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sjóðurinn er afar mikilvægur fyrir sjálfstætt starfandi fræðafólk sem er stór hópur en ósýnilegur í opinberum tölum og sinnir mikilvægu hlutverki við rannsóknir og nýsköpun í íslensku samfélagi. Rannsóknir þeirra beinast gjarnan að viðfangsefnum sem nýtast sem grunnur að hverskonar fræða- og listsþópur innan og utan hins opinbera menntakerfis. Niðurstöður þeirra eru oftast ritaðar á íslensku með íslenskan almenning í huga. Þá nýtast verk sjálfstætt starfandi fræðimanna gjarnan til nýsköpunar til dæmis í ferðajónustu og ýmiss konar afþreyingu.

Í fjárlagagerð fyrir árið 2023 er lítilega gengið á sjóðinn miðað við fyrra ár og fer hann úr 51,8 m.kr í 51,3 m.kr. Samdrátturinn virðist því 1% fyrir utan breytingu á visitölunni sem hefur hækkað verulega undanfarið ár.

Lækkunin er þó umtalsvert meiri en þessar tölur gefa til kynna. Á árinu 2022 var mánaðarleg greiðsla úr sjóðnum hækkuð til samræmis við hækjun á starfslaunum listamanna, eða um tæplega 20%. Upphæðin fór úr 410.000 kr (verktakagreiðsla) í 490.920 kr. Til þess að koma til móts við þessa hækjun þá hefur starfslaunasjóður listamanna verið stækkaður. Á þessu ári er hann 812,0 m.kr. en fer í 846,2 m.kr. á árinu 2023.

Hins vegar hefur starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna ekki tekið sömu hækjunum. Þessar breytingar leiddu til mikillar skerðingar á úthlutunum til sjálfstætt starfandi fræðafólks talið í mannmánuðum (sjá töflu). Á árinu 2022 fór fjöldi mannmánaða niður í 93 sem er mikil fækkun frá árunum á undan en þeir voru á bilinu 111 til 129 á árunum 2018 - 2021.



ÁR	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Styrkupphæð á mánuði (verktakagreiðsla)</b>	377.000	393.000	405.000	410.000	490.920
<b>Fjöldi úthlutaðra mánuði</b>	120	111	117	129	93

Vegna þessa áréttar stjórn RA mikilvægi þess að framlög til Starfslaunajóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna verði hækkuð verulega á árinu 2023, til að bregðast við þessari stöðu.

Fyrir hönd stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir'.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri

annath@akademia.is